

34. Stjórnarfundur FENÚR

haldinn 14. ágúst 2001 kl. 13:30 á skrifstofu SORPU, Gufunesi.

Mættir: Gunnar Bragason, Björn Halldórsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Ásmundur Reykdal.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Innheimta styrkja, vegna LCA verkefnisins.

GTÓ greindi frá að enn væri ógreiddur hluti styrkja vegna LCA málsins. Samtals hafi verið greiddar kr. 525 þúsund til verkefnisins.

Áfram verði haldið að leita eftir framlögum frá þeim sorpsamlögum, sem hafa ekki svarað. (Sorpsamlag Mið-Héraðs, Sorpsamlag Mið- Austurlands og Sorpsamlag Þingeyinga) BH sendir þeim bréf.

Merkingar kerfi FENÚR, kynning.

Kynningarbréf til hugsanlegra notenda hefur ekki verið sent út. GTÓ semur uppkast að slíku bréfi ásamt gjaldskrá og upplýsingum um hvernig afgreiðslu merkjanna verður háttáð.

Kynning á nýja merkingakerfinu fór fram á Endurvinnslustöð SORPU í Ánanaustum að viðstöddum Umhverfissráðherra, sem skipti út gömlum merkjaskiltum fyrir þau nýju. Nokkrir blaðamenn og ljósmyndarar mættu á staðinn.

Umhverfissráðuneytið styrkti kynningarverkefnið með kr. 100.000

Varpað fram tillögum um að kynna nýja kerfið í tímaritinu “Sveitarstjórnarmál”.

Starfshópar.

GTÓ. greindi frá að Már Karlsson, Spilliefnanefnd og Guðjón Guðmundsson Sorpeyðingu Suðurnesja, hefðu samþykkt að vera leiðandi ásamt honum í brennsluhópi. Önnur starfsemi starfshópanna hefur engin verið undanfarið.

ISWA ráðstefna í Stavanger.

Dagskrá ráðstefnunnar rædd.

Heimsókn frá Nepal.

Ekkert verður af heimsókn sendinefndar frá Nepal, sem rædd var á síðasta fundi.

FENÚR var tilbúið að taka móti nefndinni að undangengnum formlegum samskiptum, en ekkert hefur frekar heyrst frá henni.

Önnur mál.

BH kynnti bréf frá Global Plasma Systems, um notkun plasma tækni til orkuvinnslu úr sorpi.

Lagt fram bréf frá ISWA, (ISWA Questionnaire) ÁR sér um að svara því.

Reikningar, sem borist hafa FENÚR ræddir og afgreiddir.

Fundi slitið kl. 14:40

Á.R.